

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

1. gr.

Í stað orðanna „fylgiskjal I“ í 5. gr. reglugerðarinnar kemur: fylgiskjal.

2. gr.

Í stað orðanna „fylgiskjal I“ í 9. gr. reglugerðarinnar kemur: fylgiskjal.

3. gr.

Í stað fylgiskjala I og II með reglugerðinni kemur fylgiskjal sem birt er með reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 39. gr. a laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, tekur þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 2. október 2017.

F. h. r.

Haraldur Steinþórsson.

Anna V. Ólafsdóttir.

Fylgiskjal.

	I. Markmið um eignasamsetningu	II. Vikmörk**		Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	III. Gengisbundin verðbréf	III. Vikmörk		IV. Óskráð verðbréf	VI. Vikmörk	
		Lægri	Efri				Lægri	Efri		Lægri	Efri
<i>Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs.*</i>											
A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs											
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf											
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga											
B.b. Innlán											
B.c. Sértryggð skuldabréf											
C.a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum											
C.b. Hluteldarskrirteini og hlutir í UCITS											
D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga											
D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu											
E.a. Hlutabréf félaga											
E.b. Hluteldarskrirteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu											
E.c. Fasteignir											
F.a. Aflaður											
F.b. Aðrir fjármálageringar, þó ekki aflaður											
Eignir í erlendum gjaldmiðli											

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.